

## AUGLÝSING

### um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Fjallabyggð.

*Malarvöllurinn Siglufirði – Vallarbraut 1-6.*

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 8. mars 2023 óverulega breytingu á deiliskipulagi malarvallarins á Siglufirði. Breytingin felur í sér stækkun á byggingarreitum og færslu á inngöngum við Vallargötu 2, 4 og 6 og aukningu byggingarmagns um 50 fm á hverja lóð við Vallargötu. Skilmálar á lóðunum sem breytingin nær til eru að öðru leyti samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Málsmeðferð var í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Fjallabyggð, 9. mars 2023.*

**Íris Stefánsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 23. mars 2023